

Nd.

328. Frumvarp

til yfirsetukvennalaga.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og skal greiða árslaunin í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt, er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 300, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr., að viðbættum 5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

Laun yfirsetukvenna mega sýslunefndir og bæjarstjórnir hækka, ef sjerstakar ástæður þykja til.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmaeltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeiði báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 50 aurar fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kaптúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeiða, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvænna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju, og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalaus, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.